



Tálknafjarðarskóli



trappa ráðgjöf

TÁLKNAFJARÐARHREPPUR

SKÓLÁSTEFNA

Október 2020

NÝ SKÓLASTEFNA

Skólastefna Tálknafjarðarhrepps var samþykkt á fundi sveitarstjórnar í október 2020 og hafði áður verið staðfest af Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefnd. Stefnan er afrakstur vinnu nemenda, foreldra, starfsfólks Tálknafjarðarskóla, sveitarstjórnarfulltrúa og íbúa Tálknafjarðarhrepps undir handleiðslu Tröppu skólaþjónustu. Stefnan verður höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi á vegum sveitarfélagsins. Leiðarljósið í hinni nýju stefnu er að hafa krefjandi og skemmtilegt skólastarf sem ræktar mannkosti með áherslu á hið jákvæða og tengir saman hug og hönd í samvinnu við íbúa.

Einkunnarorð og um leið gildi hinnar nýju stefnu eru:

Jákvæðni – Samvinna – Skemmtun – Þrautseigja

FRAMTÍÐARSÝN OG STEFNA

Leiðarljós

- Skólastarf er heildstætt og samfellt með góðu samstarfi milli skólastiga.
- Grunnþættir menntunar og lykilhæfni birtist með skýrum hætti í skólastarfi.
- Réttindi barna og lýðræðisleg þátttaka er augljós þar sem börn láta til sín taka.
- Viðfangsefni barna hafa tilgang, tengjast daglegu lífi og eru hagnýt.
- Börn eru hvött til að taka áhættur við skapandi verkefni sem eru krefjandi og skemmtileg.
- Tónlist, menning og félagsstörf eru órjúfanlegur þáttur af skólastarfinu.
- Gott jafnvægi er milli bóklegra og verklegra verkefna.
- Metnaður starfsfólks er sýnilegur og stuðningur samfélagsins einkennist af umhyggju og metnaði.





GILDI

- **Jákvæðni**
- **Samvinna**
- **Skemmtun**
- **Þrautseigja**

Krefjandi og skemmtilegt skólastarf sem ræktar mannkosti með áherslu á hið jákvæða og tengir saman hug og hönd í samvinnu við íbúa.

HLUTVERK SVEITARFÉLAGSINS

- Marka stefnu skólans í samvinnu við íbúa sveitarfélagsins.
- Tryggja öllum börnum menntun á grundvelli laga og aðalnámskrár.
- Vinna að því að öll börn fái tækifæri að vaxa og þroskast eins og kostur er á.
- Vinna að framkvæmd gæða menntastarfs og tryggja að ákvarðanir í skólastarfi taki mið af því að bæta menntun og velferð barna.
- Tryggja viðeigandi inn grip sérfræðinga eftir skipulögðum og faglegum leiðum.
- Tryggja að ferli séu gagnsæ og að markmiðið sé að bæta hag barna.



HLUTVERK SVEITARFÉLAGSINS

- Tryggja að húsnæði og búnaður þjóni starfsemi skólans.
- Tryggja að ákvarðanir um uppbyggingu skólahúsnæðis og búnaðar séu teknar með faglegu samráði.
- Stuðla að góðu aðgengi starfsfólks að starfsþróun, endurmenntun og aðgengi að sérfræðingum.
- Leiðir samstarf skólastarfs við atvinnulíf og stofnanir á svæðinu sem og samstarfi milli menntastofnana.



MEGINMARKMIÐ

- Að skólastarf í Tálknafjarðarhreppi uppfylli ítrustu kröfur sem gerðar eru til skólastarfs af yfirvöldum menntamála.
- Að foreldrar og nemendur upplifi að sveitarfélagið geri miklar væntingar til skólastarfs.
- Að samstarf við foreldra og atvinnulíf sé skipulagt.
- Að gæðaviðmið um leik, nám og kennslu séu leiðbeinandi og skýr.
- Að skólinn setji fram eigin gæðaviðmið sem byggja á gæðaviðmiðum Menntamálayfirvalda.
- Að grunnþættir og lykilhæfnin séu leiðarljós viðfangsefna í skólastarfinu.
- Að grunnþættir stýri vali á viðfangsefnum en tryggt sé að tekið sé á viðfangsefnum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með heildstæðri nálgun.



MEGINMARKMIÐ

- Að stöðugt sé verið að finna leiðir til þess að samfella sé í skóladegi og námi barna í samstarfi við íþróttafélög, félagasamtök og aðra þá sem tengjast samfelldum skóladegi barna.
- Að tónlist og tónlistarnám sé hluti af viðfangsefnum skólastarfs hverju sinni.
- Að virk samvinna skóla og nærsamfélags séu fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá.
- Að stöðugt sé brugðist við og stutt við börn sem þurfa á stuðningi að halda.
- Að slíkur stuðningur fari fyrst og fremst fram inni í nemendahópnum.
- Að stuðningur sveitarfélagsins við starfsþróun sé reglubundinn og samkvæmt reglugerðum um sérfræðipjónustu við starfsfólk.
- Að sérfræðipjónusta við nemendur, foreldra og starfsfólks skólans sé reglubundin og þjóni þeim tilgangi sem sérfræðipjónustu sé ætlað.
- Að gildin séu leiðarljós á viðfangsefnum í skólastarfinu, þau séu innleidd og skilgreind og allir viti hvað þau merkja.

